

### Fundargerð hluthafafundar Eglu hf.

Miðvikudaginn 29. desember 2004, kl. 14:30 síðdegis, er haldinn hluthafafundur í Eglu hf. að Holtagörðum við Holtabakka, Reykjavík. Til fundarins eru mættir: Ólafur Ólafsson, formaður og eigandi Kjalars ehf., Kristján Loftsson f.h. Kers hf., og Guðmundur Hjaltason, framkvæmdastjóri, sem mættur er í umboði Hauck & Aufhaeuser Privatbankiers KGAA, samkv. sérstöku umboði. Auk þess er mættur á fundinn Jón Þór Hjaltason frá J&K eignarhaldsfélag ehf. og Jón Kristjánsson frá Sundi ehf.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Lýsti hann fundinn lögmætan með vísan til þess að til fundarins voru mættir fulltrúar frá báðum hluthöfum félagsins.

Upplýsti formaður að nýverið hefði verið tekið tilboði Eglu hf. um kaup á nýjum hlutum í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. er tók til 11.968.126 hluta á genginu 480, eða fyrir kr. 5.744.700.480, allt í samræmi við ákvörðun stjórnar hinn 13. október 2004.

Að framangreindu tilefni er eina dagskrármálið tillaga stjórnar til hluthafafundar um hækkun hlutfjár:

"Hluthafafundur í Eglu hf. haldinn miðvikudaginn 29. desember 2004 samþykkir að hækka hlutfé félagsins um kr. 1.280.304 að nafnverði á genginu 1874.55479. Hluthafar skulu hafa forkaupsrétt að hækkuninni í samræmi við samþykktir félagsins. Öll hækkunin skal greidd í reiðufé og koma til greiðslu þann 30. janúar 2004. Frestur til að skrifa sig fyrir hækkuninni er til 29. desember 2004. Aætlaður kostnaður við hlutfjár-hækkunina er kr. 25.000,00."

Formaður lagði fram ársreikning Eglu hf. fyrir árið 2003, og árshlutauppgjör fyrir Eglu hf. fyrir níu og hálfan mánuð ársins 2004, þ.e. til 15. október 2004, ásamt skýrslu stjórnar um fjárhagslega stöðu Eglu hf., ásamt umsögn endurskoðanda félagsins um fyrrgreinda skýrslu stjórnar, allt í samræmi við skilyrði 2. mgr. 33. gr. hlutfélagalaga.

Að loknum umræðum var tillagan samþykkt af fulltrúum beggja hluthafa félagsins.

Umboðsmaður Hauck & Aufhaeuser Privatbankiers KGAA á fundinum lýsti yfir, að umbj. hans félli frá rétti til áskriftar að hlutfjárhækkuninni. Fulltrúar Kers hf., Kjalars ehf., Sunds ehf. og J&K eignarhaldsfélags ehf. lýstu því yfir að þeir skrifuðu sig fyrir hinu nýju hlutfé í eftirfarandi hlutföllum og fjáhæðum. Jafnframt féllur þeir frá greiðslufresti og lofuðu, ef eftir yrði leitað að greiða hlutfjárhækkunina fyrir 30. desember 2004:

	Nýtt hlutafé - nafnverð	Nýtt hlutafé - kaupverð	Hlutfall af áskrift	Eignarhluti eftir hlutafj.aukn.
Ker	300.350	563.023.443	23,5%	2,71%
Kjalar	533.138	999.395.678	41,6%	4,81%
Sund	300.427	563.167.238	23,5%	2,71%
J&K eignarhaldsfélag	146.389	274.413.640	11,4%	1,32%
	<u>1.280.304</u>	<u>2.400.000.000</u>	<u>100,0%</u>	<u>11,55%</u>

Enginn fundarmanna tók til máls undir liðnum önnur mál.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá. Fundargerð var lesin upp og undirrituð af öllum fundarmönnum. Fundi var slitið kl. 16.30.

  
Ólafur Ólafsson

  
Kristján Loftsson

  
Guðmundur Hjaltason


Pr. pr. Kjalar ehf.

  
Ólafur Ólafsson  
stjórnarmaður.

Pr. pr. Sund ehf.

Jón Kristjánsson,  
stjórnarformaður, e.u.

Pr. pr. J&K eignarh.fél.

  
Jón Þór Hjaltason,  
stjórnarformaður, e.u.